

málskostnað, en skal að öðru leyti vera sýkn af kröfum stefnanda.

Stefndi Jóhann Hákonarson greiði 30 króna sekt í rikissjóð, en sæti 2 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. maí 1948.

Nr. 159/1946. Valdstjórnin (Hrl. Kristján Guðlaugsson)

gegn

Péttri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Í málshöfðunartilkynningu héraðsdómarans til kærða í þinghaldi 21. marz 1945 er þess ekki getið, að krafa sé gerð um upptöku ólöglegs hagnaðar. Verður eignarupptaka á hendur kærða því ekki dæmd í máli þessu.

Samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda var kærða heimilt að selja hvern metra af jólatrjám á kr. 12.50 og hvert kg af grenigreinum á kr. 3.85. Eftir skýrslu kærða seldi hann hins vegar 2307 metra af trjám fyrir kr. 13.70 hvern metra að meðaltali og 9686 kg grenigreinar fyrir kr. 4.51 hvert kg að meðaltali. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Pétur Þórhallur Júlíus Gunnarsson greiði 2000 króna sekt til rikissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. apríl 1946.

Ár 1946, föstudaginn 12. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1203/1946: Valdstjórnin gegn Pétri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pétri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni stórkaupmanni, til heimilis í Mjóstræti 6 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag, sbr. tilkynningar verðlagsstjóra í Lögbirtingablaðinu 13. marz 1943 og 23. október 1944.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 28. marz 1885, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1922 $\frac{7}{2}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir að hafa eldfæri í ólagi.

1927 $\frac{3}{4}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir óleyfilega lyfjasölu.

1932 $\frac{2}{4}$ Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1937 $\frac{3}{4}$ Kærður af St. Jóh. Stefánssyni og Guðm. Guðmundssyni fyrir rangan framburð fyrir fógetarétti. Felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins $\frac{2}{10}$ 1937.

Með e/s Larranaga, sem kom hingað til hafnar 12. desember 1944, fékk heildverzlunin Landstjarnan hér í bæ, sem kærði á og stýrir, allmikið af jólatrjáum og grenigreinum frá Ameríku. Samkvæmt farmskirteini vörunnar er áætluð þyngd hennar 40 000 lbs. ósundurliðað. Vöru þessari, sem telja má, að einungis hafi verið ætluð til sölu þá fyrir jólin, var skipað upp hinn 16. desember 1944, og samkvæmt

vottorði tollstjórans í Reykjavík hafði hún ekki verið tollafgreidd hinn 19. sama mánaðar.

Með bréfi, dagsettu 20. sama mánaðar, kærði verðlagsstjóri yfir því að kærði hefði, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur af sinni hálfu, eigi sent sér verðreikning vörunnar fyrr en daginn áður, en allmikið muni þá þegar vera selt af vörunni, án þess að staðfestingar hafi verið leitað á verðinu. Enn fremur telur verðlagsstjóri kærða hafa selt vöruna hærra verði en leyfilegt hafi verið.

Í tilkynningu til innflytjenda, dagsettri 11. marz 1943 og birtri í Lögbirtingablaðinu 13. s. m., leggur Viðskiptaráð fyrir alla, sem reka innflutningsverzlun, að senda verðlagsstjóra samrit af út-reikningi á söluverði sérhvernar vörutegundar, sem þeir kaupa frá útlöndum. Ef um er að ræða verzlun á eftirlitssvæði Reykjavíkur, skal samritið komið í hendur verðlagsstjóra í síðasta lagi 5 dögum eftir að tollafgreiðsla vörunnar hefur farið fram og er eigi heimilt að hefja sölu vörunnar fyrr en samritið hefur verið sent verðlagsstjóra.

Þar sem kærði sendi verðlagsstjóra verðreikning um jólatrén og grenigreinarinnar hinn 19. desember, eins og áður segir, var eigi liðinn sá frestur, er tilkynningin ákveður innflytjendum til að skila verðreikningum. Þegar vörunni var skipað upp, var hún vegin og síðan ýmist flutt í geymsluhús kærða eða beint til nokkurra helztu kaupendanna. Þessum kaupendum sagði kærði á þessu stigi, að hann gæti ekki ákveðið verð vörunnar fyrr en hann fengi öll skilríki til verðlagningar í hendur, en sagði, að verðið yrði ekki hærra en árið áður. A. m. k. einn þeirra, sem keypti vöruna af kærða, hóf sölu hennar í smásölu áður en kærði sendi verðlagsstjóra verðreikninginn.

Með því að hefja sölu vörunnar, áður en hann hafði sent verðlagsstjóra verðreikninginn um hana, hefur kærði gerzt brotlegur við áðurnefnda tilkynningu til innflytjenda, og varðar það hann refsingu samkvæmt 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943.

Samkvæmt verðreikningi þeim, sem kærði sendi verðlagsstjóra 19. desember 1944, var kostnaðarverð vörunnar allrar kr. 63 013.66. Kærði heldur því fram, að þetta hafi verið bráðabirgðaverðreikningur, þar eð hann hafi við samning reikningsins ekki vitað með vissu upphæð kostnaðarins við vöruna, en í málinu hefur hann ekki haldið því fram, að neinn liður þessa verðreiknings sé of lágt talinn.

Samkvæmt 18. tölulið tilkynningar verðlagsstjóra, dagsettrar 11. október 1944, birtri í Lögbirtingablaði 23. s. m., mátti á þessum tíma eigi leggja meira en 25% í heildsölu á hvers kyns vörur, sem eigi voru undir sérstökum verðlagsákvæðum, nema með sérstöku leyfi verðlagsstjóra. Fyrir þessi jól leyfði verðlagsstjóri 35% heildsöluálagningu á jólatré og jólagreni, og kveðst hann hafa leyft svo háa álagningu sökum þess að vara þessi sé undirorpin sérstaklega mikilli rýrnun. Með þessari álagningu hefði mátt selja vöruna alla fyrir kr.

85 068.34. Samkvæmt verðreikningi kærða seldi hann metrann af jólatrjám á kr. 13.80 og kílóíð af greinunum á kr. 4.50 og var vörumagnið alls 3292 m tré og 11 400 kg greinar. En samkvæmt söluskrá kærða seldi hann 2307 m af trjám fyrir kr. 31 610.60 og 9686 kg af greinum fyrir kr. 43 727.00 eða samtals fyrir kr. 75 337.60.

Álagning kærða á hina seldu vöru fram yfir hin leyfðu 35% nemur samkvæmt þessu alls kr. 8856.67. Það af vörunni, sem ekki var selt, virðist hafa verið óseljanlegt vegna skemmda, og til þessarar miklu rýrnunar telur kærði sér hafa verið heimilt að taka tillit við verðlagningu til verðhækkunar á þeim hluta vörunnar, sem seljanlegur var.

Í verðlagningarreglum frá 6. október 1943, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, eru taldir þeir kostnaðarliðir auk innkaupsverðs, er innflytjendum sé heimilt að miða álagningu sína við. Þar sem þessi upptalning verður að teljast tæmandi og rýrnunar er þar eigi getið, verður að líta svo á, að óheimilt sé að taka tillit til hennar við verðlagningu. Er þetta í fullu samræmi við álit verðlagsstjóra um þetta atriði og þá venju, er hann segir hafa verið um þetta.

Af kærða hálfu er því haldið fram, að hann hafi fyrir jólin 1943 farið eins að og í þetta sinn um verðlagningu margnefndrar vöru, að hann hafi tekið tillit til rýrnunarinnar til verðhækkunar á því sem selt var, og hafi verðlagsstjóri vitað um þetta, án þess að gera við það athugasemd. Um þetta liggur eigi fyrir yfirlýsing verðlagsstjóra, en jafnvel þó að hann hafi látið þetta óátalið, þá leysir það kærða eigi frá refsíabyrgð á þeirri verðlagningu, sem hér er um að ræða. Þá færir kærði fram sér til réttlætningar símtal, sem hann hafi átt við skrifstofu verðlagsstjóra fyrir jólin 1944 um verðlagningu vörunnar. Ekki veit kærði við hvaða mann hann talaði, en kveðst hafa haldið, að það væri verðlagsstjóri. Hvorki verðlagsstjóri né fulltrúi hans minnst þess að hafa átt þetta símtal við kærða. Í þessu samtali kveðst kærði hafa sagst vera búinn að ganga frá verðreikningnum og hafa byggt hann á reynslu fyrri ára um sölu þessarar vöru og hafa vísað til verðreikningsins um sams konar vöru, er hann hafði óumbeðið sent verðlagsstjóra árið áður. Þessu hafi verið svarað á þá lund, að kærði mætti eigi selja grenið herra verði en kr. 5.00—5.50 pr. kg, en því hafi kærði svarað þannig, að hann ætlaði ekki að selja grenið dýrara en kr. 4.50 pr. kg. Tengdasonur kærða var hjá honum, þegar þetta símtal fór fram, og hefur staðfest í höfuðatriðum frásögn kærða um það. Þar sem þetta samtal fór fram áður en verðlagsstjóri hafði fengið nein gögn í hendur um verð vörunnar og auk þess er alls óvíst, við hvern í skrifstofu hans kærði talaði, þykir kærði eigi geta réttlætt verðlagningu sína með þessu samtali.

Samkvæmt framskráðu hefur kærði með verðlagningu vörunnar gerzt brotlegur við 18. tölulið tilkynningar verðlagsstjóra frá 11.

október 1944, birtri í Lögbirtingablaði 23. s. m., og varðar það hann refsingu samkvæmt 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærða fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið hegningarlaganna ber að gera upp-tækan ríkissjóði til handa þann ólöglega ágóða, kr. 8856.67, sem kærði samkvæmt framansögðu hafði af broti sínu.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Skipaður verjandi kærða, hrl. Eggert Claessen, hefur eigi krafizt málsvarnar-launa, ef svo færi, að kærði yrði dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Drátt þann, sem varð á máli þessu hjá verjandanum, verður að átelja. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Pétur Þórhallur Júlíus Gunnarsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 8856.67, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1948.

Nr. 1/1947. **Jóhann Garíbalðason og Jörgen Holm**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristjáni Björnssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Galli á málsmeðferð. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 18. des. 1946 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og hann sýkn dæmdur. Svo krefst hann málskostn-